

Annar fundur Deltadeildar starfsárið 2018-2019, haldinn í héraðsskólanum í Reykholti laugardaginn 1. desember 2018 kl. 18

Samvera dagsins hófst á tónleikum Jónínu Ernu Arnardóttur í Reykholtskirkju í tilefni 100 ára afmælis fullveldis Íslendinga, Fullveldi til fullveldis. Þetta var dagskrá í tali og tónum þar sem stiklað var á stóru í tónlistar- og menningarsögu þjóðarinnar. Flytjendur eru Trio Danois, Jónína Erna Arnardóttir, Morten Fagerli og Pernille Kaarslev ásamt Bergþóri Pálssyni söngvara og Söngbræðrum. Þangað höfðum við félagskonur sammælst um að mæta og allar, sem komum á annað borð á fundinn, 14 talsins nutum fróðlegra, metnaðarfullra og yndislegra tónleika. Allir fóru þar á kostum og við vorum afar stoltar af okkar konu, Jónínu Ernu, sem átti frumkvæðið að öllu saman og stóð sig frábærlega. Að tónleikunum loknum var tekin hópmynd af flytjendum og Deltasysturum, að undanskildum Söngbræðrum.

1. Fundurinn

Eftir tónleikana var haldið yfir í gamla héraðsskólahúsið. Þar gafst tækifæri til að fá sér kaffisopa, spjalla, skoða sögusýningu Snorrastofu, Árið 1918 í Borgarfirði og jafnframt voru teknar myndir af hverri konu í félagatal samtakanna. Það gerði Guðlaugur Óskarsson.

Áður en formlegur fundur hófst var farið yfir hverjar voru mættar og bornar kveðjur frá þeim, sem ekki komust að þessu sinni.

2. Setning fundar

Sóley kveikti á kertum. Hún kveikti einnig á hvítu kerti í minningu Kristínar Rannveigar Thorlacius, sem lést 4. júní síðasta sumar og minntist hennar með fallegum orðum. Jónína þakkaði Sóleyju og minntist einnig Kristínar og sagði: "Við erum nú sem betur fer ekki vanar að standa frammi fyrir því að kveðja systur okkar, svo það var dálítið átak að bregðast við því: græja einhverja veraldlega hluti eins og að semja tilkynningu á DKG vefinn, sækja og fá að stilla upp fána samtakanna við útförina, sem fram fór í Borgarneskirkju. Við fundum styrk hver af annarri nokkuð margar við að vera við jarðarförina, sem var falleg og góð. Auðvitað má segja að 85 ár sé hár aldur og við getum glaðst yfir að hafa átt svo góða systur í félaginu okkar, en við söknum Kristínar og skarð er höggvið í hópinn okkar. Hún tók virkan þátt í félaginu, sat oft í stjórn og var alltaf reiðubúin að miðla af sagna- og ljóðabrunni sínum og hýsti í mörg ár stjórnarfundum og stundum félagsfundum á undrafallegu heimili þeirra hjóna, sr. Rögnvaldar Finnbogasonar í Borgarnesi. Ég trúi því að ég mæli fyrir munn margra okkar, að stundirnar við sundin þar gáfu okkur mikið og gleymast ekki. Stjórnin mun sjá til þess að hennar verði minnst í fréttabréfi samtakanna. Blessuð sé minnig Kristínar Rannveigar Thorlacius."

Ennfremur þakkaði formaður Jónínu Ernu fyrir dásamlega tónleika og óskaði til hamingju með þá. Hún sagðist finna að þátttaka félaganna í tónleikum hefði gefið öllum mikið og aukið á samkennd og samtakamátt í deildinni. Ingibjörg Kristleifsdóttir var boðin hjartanlega velkomin í deildina, en hún flytur til okkar úr Kappadeild.

3. Borðhald.

Borin var fram súpa, sem Þórunn Reykdal hafði eldað svo meistaralega. Að súpu lokinni var boðinn Laufeyjarís, sem framleiddur er í sveitinni - í Brekkukoti. Þegar ísinn var kominn í skálarnar og kaffisopi í bolla var haldið áfram með fundinn...

4. Kynningarhringur

Allar konur kynntu sig, sérstaklega nýi félaginn, Ingibjörg og á kynningu hennar er ljóst, að við verðum ríkari í mörgu tilliti að hafa hana með okkur. Hún sagði okkur meðal annars frá Litlu menntabúðinni, sem hún og maður hennar hafa stofnað og rekin verður í Reykholti.

Jónína flutti ljóðlínur Þorgerðar Ásdísar Jóhannsdóttur félaga úr nýjustu deildinni í Skagafirði Ný, kennari við Fjölbrotarskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Hana hittum við nokkrar, sem fórum á vorþing samtakanna á Egilsstöðum s.l. vor.

„Sestu hérna hjá mér, systir mín góð“, stefið hennar sagði hún að væru upphafslínur í ljóði Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, Mamma ætlar að sofna.

Sestu hérna hjá mér systir mín góð.

Segðu mér sögur og segðu mér ljóð.

Segðu mér drauma þína, löngun og þrá.

Segðu mér fyrir hvað hjarta þitt brennur.

Ég skal hlusta og vera þér góð.

Ég skal þig styrkja og styðja.

Ég skal þér hjálpa og vera þér trú.

Ég skal þér vinur og systir vera.

5. Félagi kynnir sig

Dagný Emilsdóttir sagði frá sjálfri sér og lífsstarfi í Reykholti. Sýndi mjög skemmtilegar og fróðlegar myndir, sem sýndu svo ekki verður um villst að starfið hefur verið ærið og uppskeran að sama skapi ánægjuleg og ríkuleg, hvort sem litið er til opinberu hliðarinnar eða þeirrar sem snýr að fjölskyldulífinu.

6. Jólamingning að heiman

Þrúður Kristjánsdóttir sagði frá jölunum heima. Fyrstu æviárin átti hún á Ströndum en síðar á Ísafirði í stórum systkinahópi. Þrúður dró upp margar hlýjar og glaðlegar myndir frá æskunni, nýtni og listasauðskap móður og smíðakúnstum föður. Fallegar minningar, sem fylgja okkur félögum fram til jólahátíðarinnar framundan.

8. Nokkrar tilkynningar

Við sjáum fram á að deildin okkar augðist af félögum í vetur og vonandi getum við tekið inn nýja félagskonu í vor, Gunnhildi Björnsdóttur, sem gat ekki verið með okkur nú en var í Borgarnesi á fyrsta fundi vetrarins. Jónína las kveðju frá Gunnhildi, sem hún hafði sent með happdrættisvinningi - til endurgjalds fyrir þann, sem hún vann í Borgarnesi.

Ingibjörg Kristleifsdóttir flytur úr Kappadeild til okkar og er hér með okkur - og við eigum von á Valgerði Janusdóttur úr Lambdadeild, sem kemst til okkar seinna í vetur. Hún er sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs á Akranesi. Þá hefur Ruth Jörgensdóttir sýnt áhuga á að vera með okkur. Bíður eftir að geta komið á kynningarfund.

Vefurinn. Gulla og Ásta hafa rennt af stað í vefgerðina fyrir okkar deild og eru búnar að gera þar góðan skurk. Innilegar þakkir fyrir hann og næst verða settar inn myndir af okkur – og skilaboð frá þeim?

Næsti fundur verður í Borgarnesi fimmtudaginn 31. janúar kl. 18 í Brákarhlíð í Borgarnesi. Þar kynnumst við starfi iðjupjálfa við stofnunina, Aldísi Eiríksdóttur og hennar sýn og stofnunarinnar á verkefnið, iðjupjálfun aldraðra.

Marsfundurinn er hugsaður í Reykjavík fimmtudaginn 14. mars— heimsókn í ráðgjafafyrirtækið Capacent þar sem við fáum kynningu á fyrirtækinu, jákvæðri sálarfræði – er á óskalista umfjöllunarefnis og Design thinking, eða lausnamiðaðri hugsun. Kannski bjóðum við Lambdakonum að koma með okkur á fundinn. Ég hef haft samband við þær og beðið um að við hittumst í vetur. Á eftir að útfæra það nánar. Þær tóku vel í það. Kannski gætum við beðið um að fá að heyra hvað Kolbrúnu Pálsdóttur, sem er nýráðin forseti Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, er efst í huga.

Listi yfir félaga og listi til að skrá, hvort félagar eru samþykkir myndbirtingu látinn ganga.

8. Söngur

Ég vil elska mitt land. (Lag / texti: Bjarni Þorsteinsson / Guðmundur Magnússon)

9. Bækur tilnefndar

Halldóra tilnefndi tvær bækur fyrir féлага að kynna sér yfir jólin - ef tækifæri gæfist: Ungfrú Ísland eftir Auði Övu Ólafsdóttur og Sextíu kíló af sólskini eftir Hallgrím Helgason. Á janúarfundinum ráðgerum við að taka þessar bækur til umræðu og fá einhverjar, sem lesið hafa þær til að hafa um þær framsögu eða stýra spjalli.

10. Happpdrætti

Gunnhildur Björnsdóttir, sem mætti á fyrsta fundinn í Borgarnesi vann happpdrættið þá og sendi vinning. Hann hreppti Þrúður - Sextíu kílóin hans Hallgríms!

11. Fundi slitið

Jónína þakkaði fyrir fundinn, sem orðinn var nokkuð langur, enda mikið á dagskrá. Föndur og pússl, sem sett hafði verið á dagskrá verður að bíða. Áætlað hafði verið að raða upp markmiðunum eftir að hafa verið klippt í sundur. Fram kom hugmynd um að þeim yrði raðað upp í nýja röð, nýjan búning. Kannski verður það upphafið að nýbreytni. Þakkaði Þórunni og Dagýju fyrir undirbúninginn og færði þeim rósir, þá fékk Ingibjörg Kristleifsdóttir einnig rós og Sóley tók að sér að færa Jónínu Ernu rós fyrir afrekstónleika. Hún sagðist mundi heimsækja móður Jónínu næsta dag og með móðurlegri kveðju var hvíta rós Kristínar okkar heitinnar send til móður Jónínu Ernu.

Slökkt var á kertum og óskað góðrar heimferðar. Sem betur fer var veður skikkanlegt.